

# Framboð til kirkjuþings

## Aðalsteinn Már Þorsteinsson

7. kjördæmi

Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi

Ég heiti Aðalsteinn Már Þorsteinsson og bý á Hjalla í Reykjadal, Einarstaðasókn, Þingeyjarprestakalli. Ég býð mig fram til kirkjuþings og mig langar að kynna mig með sérstakri áherslu á reynslu mína innan kirkjunnar og í kristilegu starfi ásamt því að nefna stuttlega nokkur þau verkefni sem ég tel vera framundan fyrir kirkjuþing.

Ég er fæddur á Dalvík 1969 og skírður í Dalvíkurkirkju það sama ár. Ég ólst upp í þorpinu á Akureyri og fermdist í Lögmannshlíðarkirkju 1983 en foreldrar mínir eru

Þorsteinn S Pétursson fyrrverandi lögreglumaður og Snjólaug Ósk Aðalsteinsdóttir fyrrverandi verslunarkona. Sem barn sótti ég sunnudagaskóla hjá föðurbróður mínum Boga Péturssyni og sumarþúðirnar sem hann var gjarnan kenndur við, Ástjörn. Ég fékk svo tækifæri til þess að vinna með Boga í nokkur ár á sumarþúðunum á unglings- og ungfúllorðinsárum mínum. Á þeim árum var ég einnig virkur í starfi KFUM og K á Akureyri og að loknu verslunar- og stúdentsprófi af hagfræðibraut VMA sótti ég grunnnámskeið á Biblíuskóla Ungs fólks með hlutverks á Eyjólfstöðum á Héraði. Á árunum 1991 - 1993 var ég starfsmaður á umræddum skóla og leiddi m.a. vettvangsferðir nemenda í söfnuði kirkjunnar á Egilsstöðum, Eskifirði, Reyðarfirði, Vopnafirði, Bakkafirði, Seltjarnarnesi og Keflavík. Að hluta til voru þetta alþjóðlegir hópar og ætíð unnið náið með prestunum.

Jafnhliða störfum á Eyjólfstöðum á þessum árum tók ég þátt í dagskrá og fræðslu fermingarbarna á námskeiðum á Eiðum, Löngumýri og í Skálholti. Árið 1993 fór ég ásamt konu minni, Corneliu S Þorsteinsson kennara, sem er frá Þýskalandi og ég kvæntist 1990, til árs náms í kristilegum dvalar-, námskeiðs- og fræðsluþúðum í Svartaskógi í Þýskalandi. Við eigum saman fjögur börn og í dag einnig fjögur barnabörn en með okkar í för til Þýskalands þarna voru eingöngu tvö elstu börnin okkar. Þátttaka okkar var fyrst og fremst bundin við fjölskyldustarf. Ég er kennari að mennt og útskrifaðist frá kennaradeild Háskólans á Akureyri 1997. Samhliða kennaranámi hafði ég umsjón með sunnudagaskóla



Í Gleráirkirkju en ég hef einnig í gegnum tíðina haft umsjón með tíu til tólf ára starfi og unglingastarfi í kirkjum bæði á Norður- og Austurlandi.

Árið 2001 keyptum við hjónin jörðina sem við búum á í dag og höfum við bæði látið af kennslu til þess að sinna litlu ferðapjónustufyrirtæki á heimili okkar sem býður upp á gistingu. Hér í sókninni okkar gengdi ég starfi sóknarnefndarformanns í 4 ár og hef auk þess verið virkur í kirkjukórnum. Árið 2006 hófum við hjónin að gefa árlega út litla bók með daglegum biblíuversum, Lykilorð. Að baki útgáfunni er lítil þverkirkjuleg sjálfseignarstofnun, Lífsmótun, sem við erum jafnframt í forsvari fyrir. Samhliða því að kynna árlega bókina í kirkjum og því sem næst öllum kristnum kirkjudeildum landsins höfum við m.a. gefið út fleiri bækur og haldið Alfanámskeið. Þá hefur færst í aukana síðustu árin að ég sé fengin til þess að vera með prédikun eða fræðslu í ýmsum kirkjudeildum utan Þjóðkirkjunnar. Ég hef líka síðustu 3 vetur verið með reglulega pistla á Lindinni í þættinum Boðskapur dagsins. Fyrr á þessu ári tók ég sæti í stjórn Kristniboðsfélags Akureyrar sem starfar í nánú samstarfi við Samband íslenskra kristniboðsfélaga.

Ég hef alla tíð fylgst nokkuð með störfum kirkjupings og haft mikinn áhuga á málefnum kirkjunnar. Ég bauð mig síðast fram til kirkjupings fyrir 16 árum síðan en náði þá ekki kjöri. Síðan þá hefur tími minn einkum farið í að byggja upp eigin ferðapjónusturekstur og sinna kynningu og útgáfu á áðurnefndri bók, Lykilorðum. Nú tel ég tímabært að gera aðra atlögu að því að hljóta kjör til setu á kirkjupingi. Þar tel ég mörg spennandi verkefni liggja fyrir í því að aðlagða kirkjuna að breyttum veruleika með áherslu á virðingu fyrir hefðum og sögu kirkjunnar. Huga þarf að grunneiningunni, sóknunum, og veita þeim nægan stuðning til þess að standa undir eigin tilveru eða ráðast í óhjákvæmilegar hagræðingar með sameiningu sé það mat og vilji sóknarbarna. Tryggja þarf að bæði faglegur og fjárhagslegur stuðningur sé til staðar fyrir þær sóknir sem þess þurfa. Leita þarf leiða til að takast á við þau vandamál sem sífellt útbreiddari prestsskortur á landsbyggðinni hefur í för með sér en nú þegar hefðu þurft að vera komnar fram hvatar til þess að gera brauðin úti á landi aðlaðandi og spennandi valkost. Ljóst er að þegar hefur verið of langt gengið í sölu á prestssetrum án þess að nokkrar aðrar lausnir hafi komið til í staðinn. Einnig hér hefði þegar þurft að vera búið að bregðast við stöðunni. Innan kirkjunnar og kirkjupings hefur á stundum skapast togstreyming bæði milli lærðra og leikmanna sem og milli höfuðborgarsvæðisins og fulltrúa landsbyggðarinnar. Mikilvægt er að kirkjupingsfulltrúar þekki til ólíkra sjónarmiða innan kirkjunnar og geti unnið að lausnum með hagsmuni allra að leiðarljósi. Ég tel mig búa yfir þeirri reynslu og þeim kostum sem ákjósanlegir eru til að takast á við þau verkefni og áskoranir sem kirkjuping stendur frammi fyrir. Það er einlægur vilji minn að vinna af heilindum til eflingar kirkju og kristni og því leita ég eftir stuðningi til kjörs á kirkjuping.